

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

Yfirlit frjómælinga á Akureyri sumarið 2007

Frjómælingar hófust 24. apríl og stóðu út september eða í 160 daga. Mælingar gengu með einni undantekningu áfallalaust. Klukka stöðvaðist áður en 36. vika var liðin þannig að frjótölur 7. september eru líklega of háar en vantar alveg fyrir 8. og 9. september.

Heildarfjöldi frjókorna varð 2842 sem er í meðallagi. Eins og áður voru grasfrjó algengust. Lætur nærri að annað hvert frjókorn hafi verið af grasætt eða 1419. Birkifrjó reyndust 604 sem er yfir meðallagi. Asparfrjó hafa aldrei mælst fleiri (190) en fjöldi súrufrjóa (38) reyndist undir meðallagi. Öll önnur frjókorn og gró, alls 23 mismunandi gerðir, reyndust 591, sem er hærra en í meðalári. Í töflunni hér fyrir neðan eru allar frjó- og grógerðir tíundaðar.

Frjó- eða grógerð	Latneskt heiti	Fjöldi frjókorna
Gras	Poaceae	1419
Birki	Betula	604
Ösp	Populus	190
Rósaætt	Rosaceae	183
Stör	Carex	82
Víðir	Salix	52
Lyng (að vori)	Ericales	39
Túnsúra o.fl.	Rumex	38
Fura/greni	Pinus / Picea	34
Elfting	Equisetum	32
Sveipjurtaætt	Umbelliferae	30
Brjóstagras	Thalictrum	23
Yllir	Sambucus	14
Fífill	Compositae Cichorioideae	8
Hæra	Luzula	8
Beitilyng	Calluna	7
Maðra	Galium	6
Sóley	Ranunculus	5
Einir	Juniperus	3
Netla	Urtica	3
Kattartunga	Plantago	2
Lúpína o.fl.	Leguminosae	2
Álmur	Ulmus	1
Barnamosi	Sphagnum	1
Burkni	Filicales	1
Elri	Alnus	1
Hjartagrasætt	Caryophyllaceae	1
Óþekkt /ógreind	incognito	53

Þegar mælingar hófust þann 24. apríl voru víði- og lyngfrjó í loftinu. Fyrsta asparfrjóðið mældist 27. apríl og náðu þau hámarki þremur dögum síðar þegar frjótalan komst í 64. Frjótími aspar hélst út fyrstu vikuna í maí en eftir það mældust bara einstaka frjókorn. Heildarfjöldinn varð 190 og hafa þau ekki reynst jafnmörg síðan mælingar hófust á Akureyri 1998.

Fyrsta birkifrjóðið kom í gildruna 29. apríl. Birkifrjó mældust stopult og frjótölur héldust lágar fram undir 20. maí en þá hófst frjótími birkis og stóð yfir til 8. júní eða í tæplega þrjár vikur samkvæmt skilgreiningu Lejoly-Gabriel á frjótíma¹. Frjótalan fór hæst í 103 þann 3. júní. Birkifrjó mældust hvern dag til 20. júní en frjótölur voru lágar flesta daga. Þannig varð samfelldur tími birkifrjóa í lofti 37 dagar; stóð yfir frá 15. maí til 20. júní, þó var 24. maí frjókornalaus dagur. Heildarfjöldinn varð 604 sem er rúmlega meðalfjöldi árunna 1998–2006.


Grasfrjó mældist fyrst 29. maí, en frá 12. júní komu þau nokkuð sleitulaust fyrir fram til 29. ágúst (79 dagar). Frjótalan varð hæst 236, þann 30. júlí. Í ágúst (þann 7.) fór frjótalan einu sinni

yfir 100. Heildarfjöldi grasfrjóa varð 1419. Ágúst reyndist aðalgrasmanuðurinn með 688 grasfrjó, í júlí mældust þau 579, í júní 78, í september 72 en fæst urðu þau í maí, aðeins 2. Samkvæmt þrengstu skilgreiningu á frjótíma stóð grastíminn yfir frá 19. júlí til 24. ágúst eða í 37 daga. Tvisvar í september (þann 4. og 7.) fór frjótalan yfir 10.

Súrufrjó sást fyrst 13. júní. Þau komu fyrir með hléum að venju fram að ágúst. Heildarfjöldinn varð 38 og frjótalan varð hæst 4, þann 19. júlí. Fjórir aðrir frjókornahópar: frjó af rósaætt, starar-, víði- og lyngfrjó, voru

¹ Lejoly-Gabriel (1978) skilgreinir frjótíma á eftirfarandi hátt: frjótími hefst þegar 5% frjókorna hafa mælst og þann dag þarf frjótalan að vera 1% af árlegu frjófalli, annars næsti dagur með 1%. Frjótímanum lýkur síðasta dag sem frjótalan nær 1% og dagarnir tveir á undan verða að vera með samtals 3% af árlegu frjófalli. Þessi skilgreining er þrengst skilgreininga á frjótíma og vafalítið geta sumir einstaklingar sem haldnir eru frjóofnæmi fundið fyrir einkennum nokkru áður en Lejoly-Gabriel tímabilið hefst.

algengari eða jafnalgengir og súrufrjóin í frjófallinu á Akureyri í sumar (sjá töflu). Þeir haga sér á líkan hátt, koma ósamfellt fyrir og frjótölur fara sjaldan yfir 10.



Þegar á heildina er litið þá reyndist júní frjóríkasti mánuður sumarsins með 788 frjó í rúmmetra lofts. Næstur í fjölda var ágúst með 731 og júlí með 717 frjókorn. Þannig skar enginn einn mánuður sig úr í ár hvað frjófjölda snertir. Apríl, maí og júní voru allir með frjókorn yfir meðallagi árunna 1998–2006. September var sá rýrasti með 103 frjókorn.

Að jafnaði fóru 17,8 frjókorn um hvern rúmmetra andrúmslofts á sólarhring þetta sumar. Flest voru þau 30. júlí, 240, en þann dag voru grasfrjó í hámarki. Fimm daga í maí mældust engin frjókorn, fjórir frjókornalausir dagar komu fyrir í ágúst og í september urðu þeir a.m.k. átta, en frá 8. og 9. eru engin gögn til. Alls reyndust því 17 (19) dagar án frjókorna mælitímabilið 2007.



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS